

Stöðuskýrsla nr. 4 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 27.08.2020

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift verður til hlutadeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@frn.is.

Stöðuskýrslur teymisins eru ólíkar frá viku til viku enda eru málaflokkarnir ólíkir en tengdir og sjónarhornin mörg. Í þessari fjórðu stöðuskýrslu verður einkum fjallað um stöðuna á vinnumarkaði, vinnumarkaðsúræði, upplýsingar um barnavernd og tilkynningar um heimilisofbeldi.

Áhugavert í fjórðu stöðuskýrslu

- Almennt atvinnuleysi var **7,9% í júlí** og spáir Vinnuálastofnun því að almennt atvinnuleysi fari í um **8,6% í ágúst**.
- Almennt atvinnuleysi **eykst mest á Suðurnesjum** milli júní (13,2%) og júlí (15,2%). Á Suðurnesjum er **atvinnuleysi meðal kvenna (19,0%) töluvert meira en karla (14,8%)** sem er nokkuð ólíkt öðrum landshlutum þar sem kynjahlutfallið er ívið jafnara.
- **Tekjutenging atvinnuleysisbóta verður lengd úr þremur mánuðum í sex mánuði**, hlutabótaleiðin verður framlengd um tvo mánuði eða til 31.október og frumvarp um greiðslur í sóttkví mun gilda út árið 2021.
- Hlutfall fyrstu kaupenda á fasteign fyrstu sex mánuði þessa árs **hefur aldrei verið hærra**.
- Atvinnuleitendum verður gert kleift að hefja nám og fá fullar atvinnuleysisbætur í eina önn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum með þátttöku í vinnumarkaðsátakinu **Nám er tækifæri**.
- Alls bárust **umsóknir frá 39 sveitarfélögum** um styrki til að auka við starfsemi og félagsstarf fullorðinna sumarið 2020. Í þeim sveitarfélögum búa um **93% þeirra sem eru 67 ára og eldri á landinu** og nýttust styrkirnir til margra og fjölbreyttra verkefna sem getið er um í skýrslunni.


Vinnumarkaðurinn

Atvinnuleysi í júlí

Skráð atvinnuleysi í júlí 2020 var samtals 8,8% eða 7,9% í almenna bótakerfinu og 0,9% vegna minnkaðs starfshlutfalls. Gert er ráð fyrir að skráð atvinnuleysi hækki í ágúst 2020 og fari í um 8,6% í almenna kerfinu og verði um 0,4% vegna minnkaðs starfshlutfalls. Er því gert ráð fyrir að skráð heildaratvinnuleysi verði um 9% í ágúst 2020.

Að mati Vinnumálastofnunar er erfitt að spá fyrir um hver þróun skráðs atvinnuleysis verði til áramóta í ljósi þeirrar óvissu sem COVID-19 faraldurinn hefur í för með sér en gert er ráð fyrir að nýskráningar hjá stofnuninni í haust verði áfram um 3.000 á mánuði í almenna bótakerfinu líkt og verið hefur en á sama tíma muni afskráningum í almenna bótakerfinu fjölga í september sem rekja megi til skólabyrjunar og gerir stofnunin ráð fyrir að hið sama muni gerast í desember þegar verslun og önnur starfsemi tengd jólum eykst.


Mynd 1. Þróun atvinnuleysis síðustu mánuði og spá til áramóta



Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var skráð atvinnuleysi í júlí 2020 hæst á Suðurnesjum og fór úr 13,2% í 15,2%. Á sama tíma jókst skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu milli mánaða úr 7,8% í 8,3% í júlí en í öðrum landshlutum stóð skráð atvinnuleysi almennt í stað eða lækkaði lítillega. Þá gerir stofnunin ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í ágúst verði áfram hæst á Suðurnesjum og gæti farið í eða yfir 20% í lok árs eða í byrjun næsta árs.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun jókst skráð atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla í júlí 2020 eða úr 7,4% í 8,1%. Þá jókst skráð atvinnuleysi meðal karla úr 7,5% í 7,7% á sama tíma. Gert er ráð fyrir að fleiri konur en karlar verði skráðar án atvinnu á næstu mánuðum meðal annars í ljósi þess að COVID-19 virðist hafa mest áhrif á þjónustugreinar þar sem fleiri konur en karlar eru starfandi.

Mynd 2. Þróun almenns atvinnuleysis eftir svæðum



Vinnumálastofnun telur að einstaklingum sem skráðir hafa verið án atvinnu í sex til tólf mánuði muni fjölga töluvert á næstu mánuðum en í lok júlí voru um 3.600 einstaklingar sem höfðu verið skráðir án atvinnu í sex til tólf mánuði og þar af vorum um 1.100 einstaklingar á aldrinum 18–29 ára.

[Hér má nálgast mánaðarskýrslu Vinnumálastofnunar vegna júlí.](#)

Afgreiðslutími umsókna um atvinnuleysisbætur

Í júní síðastliðnum var ljóst að afgreiðslutími nýrra umsókna um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun var orðinn óviðunandi eða um 12 vikur. Ástæður þessarar þróunar voru fyrst og fremst þær að áhlaup varð á stofnunina í mars þegar lög um greiðslur í minnkuðu starfshlutfalli tóku gildi. Lögini höfðu í för með sér að um mánaðamótin mars/apríl og apríl/maí voru yfir 50.000 manns í greiðsluþjónustu hjá stofnuninni en til samanburðar þá hafði mesti fjöldi greiðsluþega í einum mánuði þar á undan verið ríflega 10.000.

Gripið var til aðgerða til að hraða afgreiðslu þeirra umsókna sem biðu auk þeirra sem bárust á hverjum degi. Sett var á fót „minni greiðslustofa“ í Reykjavík þar sem var ráðnir voru einstaklingar úr sumarátaki námsmanna, auk þess sem skipulagi og verkferlum var breytt til að auka skilvirkni. Það átak hefur skilað árangri.

Sett voru markmið um það að ná hámarksbiðtíma eftir greiðslu niður í 8 vikur fyrir miðjan ágúst og nú lítur út fyrir að það markmið hafi náðst. Nú er unnið að því hjá Vinnumálastofnun að meta mannaflaþörf fyrir veturinn með tilliti til þess þjónustustigs sem stofnun og ráðuneyti vilja veita atvinnuleitendum. Stofnunin mun óska eftir viðræðum við félagsmálaráðuneytið um þessa hluti og fleiri sem tengjast verkefnum haustsins á næstu dögum.

Breytingar í atvinnuleysistryggingakerfinu

Frumvarp hefur verið samþykkt í ríkisstjórn þess efnis að **réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta fari úr þremur mánuðum í sex mánuði** að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Markmiðið með framlengingu á rétti til tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex mánuði er að komið verði til móts við einstaklinga sem orðið hafa fyrir atvinnumissi vegna COVID-19 faraldursins og munu búa við skerta möguleika á atvinnu næstu misseri. Réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í sex mánuði tekur gildi þegar lögin verða samþykkt og gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta réttinn fyrir 1. október 2021.

Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda, hlutabótaleiðin, hefur verið lengdur til 31. október 2020. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar en samkvæmt lögnum getur fólk sem verið hefur í fullu starfi farið niður í allt að 50 prósentu starfshlutfall og átt rétt á bótum.

Þá verða tímabundnar greiðslur vegna einstaklinga sem sæta sóttkví án þess að vera sýktir, samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, heimilaðar áfram á tímabilinu 1. október 2020 til og með 31. desember 2021

Vinumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur

Allt að 3.000 atvinnuleitendum, sem hafa verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur og vilja skrá sig í nám í dagskóla á vorönn 2021, haustönn 2021 eða vorönn 2022, verður gert það kleift í gegnum nýtt vinnumarkaðsátak sem fengið hefur nafnið **Nám er tækifæri**. Kjósi atvinnuleitendur að hefja nám mun það ekki hafa áhrif á bótarétt og nýtingu hans. Eftir fyrstu önnina mun Menntasjóður námsmanna taka við og hefur frítekjumark vegna skattskyldra tekna einstaklinga sem koma af vinnumarkaði verið hækkað úr 4,1 mkr. í 6,8 mkr. til að tryggja þessum hópi rýmri rétt til námslána.

Átakið afmarkast við starfs- og tækninám í framhaldsskóla eða háskóla en fyrirsjáanlegur skortur er í þeim geirum. Atvinnuleitendum verður einnig greidd leið í brúarnám. Þá verður háskólamenntuðum boðið upp á flýtleiðir til annarrar prófgráðu þar sem skortur er, til dæmis í heilbrigðis- og kennslugreinum. Ríflega helmingur þeirra sem hafa verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur hafa einungis lokið grunnnámi. 500 milljónir króna verða settar í aðgerðir til að fjölga verulega þátttakendum í vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar og símenntastöðvanna í samstarfi Vinnumálastofnunar og Fræðslusjóðs. Þá er fjármagn tryggt fyrir allt að 150 námsmenn í háskólabrýr.

Þá hafa verið settar 100 mkr. í sérstakan kynningar- og þróunarsjóð til að skapa svigrúm til þróunar á nýjungum í námi, kennsluaðferðum og mati á reynslu atvinnuleitenda. Ráðist verður í fjölbreyttar aðgerðir. Má þar nefna samskiptatorg atvinnu- og menntamála á Suðurnesjum, aukin áhersla verður hjá Vinnumálastofnun til að aðstoða viðkvæmstu hópana aftur inn á vinnumarkað ásamt því að NEET verkefni Vinnumálastofnunar, í samstarfi við VIRK, sem

snýr að því að virkja 18-29 ára einstaklinga sem hafa flosnað upp úr námi eða verið inn og út af vinnumarkaði verður útvíkkað á landsvísu.

Stuðningur við atvinnulíf vegna hruns í ferðaþjónustu

Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra ákvað að veita 150 mkr. til sex sveitarfélaga vegna hruns í ferðaþjónustu í kjölfar COVID-19 faraldursins. Sveitarfélögin Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Skútustaðahreppur fá hvert um sig úthlutað 32 mkr. en Bláskógabyggð, Rangárþing eystra og Sveitarfélagið Hornafjörður fá hvert um sig 18 mkr. Úthlutunin er byggð á upplýsingum úr greiningu á einkennandi þáttum lýðfræðilegrar þróunar atvinnulífs í þessum sex sveitarfélögum sem sýndi að þau stæðu áberandi verst að vígi eftir hrun ferðaþjónustunnar í kjölfar COVID-19.

Í stuttu máli hafa sveitarfélögin vaxið hratt, þar hefur hlutfall ferðaþjónustu vaxið mikið á síðustu árum og hlutfall erlendra ríkisborgara er þar einnig hæst á landsvísu eða á bilinu 19-40%.

Markmið fjárveitinganna er að skapa betri grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulíf til lengri tíma og styrkja stöðir þeirra og stuðla að nýsköpun á þessum erfiðu tímum.

[Hér má nálgast greiningu teymisins frá því í júní.](#)

Húsnæðismál

Fasteignamarkaður

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) hafa umsvif á fasteignamarkaði verið óvenju mikil í sumar. Venjulega eru umsvif á fasteignamarkaði minni að sumri til en í júlí var fjöldi þinglýstra kaupsamninga nokkuð meiri en aðra mánuði ársins. Möguleg ástæða er uppsöfnuð þörf frá mars til maí þegar COVID-19 ástandið stóð sem hæst og fólk var lítið að hugsa sér til hreyfings. Bætt vaxtakjör gætu líka haft sitt að segja og vega upp á móti óvissuþáttum á borð við aukið óöryggi á vinnumarkaði. Ópið er fyrir úttekt á séreignasparnaði og fólk gæti einnig hafa dregið saman á öðrum sviðum dagslegs lífs sem gæti verið hvati til fasteignakaupa. Sá möguleiki er til staðar að versni atvinnuástandið með haustinu geti eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði dregist saman.

Heldur hefur dregið úr framboði á íbúðum til sölu en á höfuðborgarsvæðinu eru 1.700 íbúðir til sölu í júlí samanborið við 2000 í maí sem er 15% fækkun. Sama á við á landsbyggðinni en þar hefur fækkað um 8%.

Hlutfall fyrstu kaupenda á fasteign fyrstu sex mánuði þessa árs hefur aldrei verið hærra sem er áhugavert í ljósi þess að óöryggi yngra fólks á vinnumarkaði hefur aukist á síðustu mánuðum. Einnig virðist hátt hlutfall leigjenda vera í hugleiðingum um fasteignakaup og talið er að stór hluti þeirra sé að kaupa sína fyrstu fasteign. Áhugavert væri í ljósi stöðunnar að vita hve stór hluti leigjenda, sem vilja kaupa sér fasteign, hafi ekki tók á því nú þegar vaxtaskilyrðin eru jafn hagfelld.

Leigumarkaður

Leiguverð hefur hefur lækkað á höfuðborgarsvæðinu en hækkað í nágrennasveitarfélögum á sama tíma og þinglýstum leigusamningum hefur fjölgað verulega. Á höfuðborgarsvæðinu var

57% fleiri samningum þinglýst í júní samanborið við júní í fyrra. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er erfitt að fullyrða af hverju þessi aukning stafi, en líklegt sé að aukið framboð fjölbreytts húsnæðis á hagstæðu leiguverði sé ein af ástæðunum.

[Hér má nálgast mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í ágúst.](#)

Velferðarþjónusta

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Líkt og fram kom í síðustu stöðuskýrslu hefur Reykjavíkurborg séð aukningu síðustu mánuði í fjölda þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í ljósi þess ákvað teymið að senda út samræmdan spurningalista til sveitarfélaga þar sem spurt var hvort sveitarfélög hefðu séð aukningu í umsóknum um fjárhagsaðstoð til framfærslu milli ára og hvort aukning hefði verið í lánnum til framfærslu vegna lengri afgreiðslutíma umsókna um atvinnuleysisbætur. Tæplega helmingur sveitarfélaga svaraði spurningalistanum og af svörum þeirra að dæma þá hefur umsækjendum um fjárhagsaðstoð til framfærslu fjölgað töluvert milli ára í sveitarfélögum á borð við Reykjavík (29-32%), Reykjanesbæ (54%), Árborg (úr 14-43 þ.e. 207%) og Suðurnesjabæ (40-60%). Svo virðist sem að fjölgun umsókna um lán til framfærslu sé bundin við Reykjavík þar sem önnur sveitarfélög telja sig ekki hafa fundið mikið fyrir því.

Staða einstakra aðgerða

Í samstarfi við utanríkisráðuneytið var tryggður fjárstuðningur til Íslendinga í þeim tilvikum sem félagslegar aðstæður hömluðu því að einstaklingar og fjölskyldur gætu ferðast til Íslands eftir að COVID-19 faraldurinn hófst. Alls voru afgreidd 18 mál sem tengdust Íslendingum í neyð erlendis. Fleiri einstaklingar eru þó á bak við tölurnar þar sem í sumum tilfellum var um að ræða fjölskyldur. Samtals hefur verið veitt aðstoð að fjárhæð 2.789.532 kr.

Ákveðið var að fjármagna tímabundnar lausnir til að tryggja að einstaklingar sem lenda í húsnæðisvanda vegna COVID-19 geti leitað eftir ráðgjöf og húsnæðisúrræði til skamms tíma þar til aðrar lausnir finnast. Jafnframt var ákveðið að veita fjármagn til að tryggja að heimilislausir einstaklingar með fjölþættan vanda eigi kost á stuðningi og þjónustu óháð lögheimili. Gerður var samningur við Reykjavíkurborg um framkvæmd þessarar þjónustu. Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins er um 85 mkr.

Veita átti 600 mkr. til stuðnings við íþrótt- og tómsundastarf barna af tekjulágum heimilum svo öll börn óháð efnahag stunduðu íþróttir og aðrar tómsundir í kjölfar COVID-19. Í samþykktinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að framkvæmdin verði á hendi sveitarfélaga og að samráð skuli haft við fulltrúa félagsþjónustu, íþróttafélaga og aðra þá aðila sem málið varðar um ráðstöfun fjármagnsins. Fram hafa komið ólík sjónarmið um framkvæmd úthlutunar fjármagnsins og er aðgerðin ennþá í vinnslu.

Ákveðið var að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, ætluðu að auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 umfram hefðbundið sumarstarf (75 mkr.). Alls bárust umsóknir frá 39 sveitarfélögum en í þeim sveitarfélögum búa um 93% þeirra sem eru 67 ára og eldri á landinu. Verkefnið sem sveitarfélögin sóttu um styrk fyrir voru fjölbreytt enda stærð sveitarfélaganna mismunandi en allar umsóknir voru samþykktar. Minnstu sveitarfélögin nýttu styrkinn m.a. til að halda kaffisamsæti með uppákomu, gönguferðir með leiðsögn, harmonikkuball, golfmót og grill. Stærri sveitarfélögin buðu m.a. upp á verkefni eins og ferðir á söfn, styttri gönguferðir, menningartengda viðburði, jóga, dans

og aðra hreyfipjálfun, tæknilæsisnámskeið þar sem boðið var upp á hóptíma, einstaklingþjálfun og fjarþjálfun. Þeim sveitarfélögum sem fengu úthlutað fjármagni til sumarverkefna í félagsstarfi fullorðinna er ætlað að skila stuttri skýrslu um framvindu verkefna og árangur til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. október 2020.

Ákveðið var að styðja fjárhagslega við þau sveitarfélög sem töldu þörf á að auka við frístundarstarfsemi barna í viðkvæmri stöðu í sumar, umfram hefðbundið sumarstarf (75 mkr.). Horft var til aldurshópsins 12 til 16 ára og áhersla lögð á að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja hefðbundið frístundarstarf. Alls sóttu 30 sveitarfélög um styrk og fengu þau öll samþykktu úthlutun. Umsóknirnar voru af ýmsum toga enda stærð sveitarfélaganna mjög mismunandi og áskoranir á tímum COVID-19 hvað tómsundastarf barna varðar fjölbreyttar. Nokkur minnstu sveitarfélaganna fengu kr. 100.000 í sinn hlut en skorti ekki hugarflug til að nýta þá fjárhæð í þágu barna og ungmenna. Til að mynda var fjárfest í spilum og tölvubúnaði til að auka við fjölbreytni í tómsundastarfi og ná betur til þeirra ungmenna sem hvað síst sækja hefðbundið tómsundastarf. Einn minni hreppanna nýtti styrkinn til að bjóða börnum 12 til 16 ára upp á upplifun innan sveitar og kynna þeim nærumhverfið. Verkefni stærri sveitarfélaganna voru einnig af fjölbreyttum toga og sem dæmi má nefna stofnun rafíþróttaklúbba til að rjúfa einangrun barna inn á heimilum og nýta tækifærið til að koma að fræðslu um heilbrigðari tölvunotkun og lífshætti, félagsmiðstöðvar sem venjulega loka yfir sumarið voru nú opnar og boðið var upp á sjálfstyrkingar og kvíðanámskeið undir handleiðslu fagaðila. Þeim sveitarfélögum sem fengu úthlutað fjármagni til sumarverkefna barna í viðkvæmri stöðu er ætlað að skila stuttri skýrslu um framvindu verkefna og árangur til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. október 2020.

Stuðningur við fatlað fólk/börn og fjölskyldur þeirra (190 mkr.)

- Þjónusta við langveik og fötluð börn í sumardvöl/þjónustu 2020: Verkefninu er lokið. Verið er að taka saman niðurstöður úr þjónustukönnun og samhliða er unnið að lokaskýrslu.
- Landshlutateymi fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra á Suðurnesjum: Aðgerð er í vinnslu.
- Sérstakur stuðningur við fötluð börn og foreldra innflytjenda hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins: Ráðinn verður verkefnisstjóri til þess að annast sérstakan stuðning við hópinn. Unnið verður að gerð fræðslu og þjálfunarefnis m.a. til þess að auka samfélagsfærni á erlendum tungumálum til þjálfunar fyrir fötluð börn innflytjenda. Aðgerð er í vinnslu.
- Dagþjónusta fyrir fullorðið fatlað fólk í sumar svo ekki verði rof á þjónustu: Verkefninu er lokið. Beðið er eftir upplýsingum frá þeim sveitarfélögum sem fengu framlag. Samantekt mun liggja fyrir í lok september.

Stuðningur við innflytjendur og flóttafólk (75 mkr.).

- Stofnun tímabundinnar ráðgjafarstofu (50 mkr.): Undirbúningur vegna ráðgjafarstofunnar er hafinn og búið er að gera verkáætlun. Haldinn var samráðsfundur með hagsmunaaðilum í janúar og er unnið í samræmi við þær ábendingar sem bárust þá. Unnið er að næstu skrefum er varðar innleiðingu á verkefninu í samræmi við minnisblað sem afhent var ráðherra. Þá hefur ASÍ óskað eftir nánari aðkomu að verkefninu m.a. með því að bjóða fram húsnæði.

- Tryggja þarf að allar aðgerðir nýtist einnig innflytjendum (25 mkr.) hvort sem um er að ræða úrræði Vinnumálastofnunar, aðgerðir í þágu barna og ungmenna eða aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Mikilvægt er að stjórnvöld leiti leiða til þess að ná til fjölskyldna af erlendum uppruna varðandi aðgerðir sem snúa sérstaklega að börnum og ungmennum. Félagsmálaráðuneytið hefur annast allar þýðingar, að undanskildum pólskum og enskum þýðingum, fyrir covid.is. Þá hefur ráðuneytið einnig annast þýðingar á myndböndum frá Embætti landlæknis.

Úrræði fyrir þá sem hafa nýlega lokið eða eru að ljúka afplánun (25 mkr.). Að lokinni afplánun er mikilvægt að til staðar séu úrræði fyrir einstaklinginn sem tryggi farsæla aðlögun að samfélaginu. Styrkt yrði uppsetning svokallaðs *Batahúss* sbr. skýrslu nefndar félags- og barnamálaráðherra um félagslegar aðstæður fanga sem skilað var til ráðherra 12. desember sl. Í Batahúsi yrði einstaklingnum boðin heimilisaðstaða til allt að tveggja ára eða eftir atvikum skemmri tíma auk handleiðslu og frekari aðstoð sem er nauðsynlegur þáttur í því að tryggja áframhaldandi bata og aðlögun sem leiðir til fullrar þátttöku í samfélaginu. Aðgerð er í vinnslu.

Virgni fatlaðs fólks og verndaðir vinnustaðir (100 mkr.). Hæfingu, starfsþjálfun og verndaðri vinnu er ætlað að veita fötluðu fólki þjálfun og stuðning sem miðar að því að auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi eða á almennum vinnumarkaði og tryggja að til staðar séu vinnustaðir fyrir fólk með skerta starfsorku. Ein afleiðing COVID-19 faraldursins er aukið atvinnuleysi hér á landi en jafnframt einangrun fatlaðs fólks sem þurft hefur að sæta skertri þjónustu eða haldið sig til hlés vegna eigin aðstæðna eða aðstæðna í samfélaginu. Fjölmargir staðir á landinu bjóða upp á starfsendurhæfingu eða vinnu og virkni fyrir fatlað fólk og eiga sumir þeirra, t.d. þeir sem að hluta byggja sinn rekstur á sölu varnings eða vinnu, í erfiðleikum með að halda uppi starfsemi vegna afleiðinga COVID-19. Mikilvægt er í ljósi ofangreinds að í kjölfar COVID-19 faraldursins verði sett fjármagn og áhersla á að tryggja að möguleikar fatlaðs fólks á hæfingu, starfsþjálfun og verndaðri vinnu verði ekki skertir sökum faraldursins og afleiðinga hans. Aðgerð er í vinnslu.

Úthlutað var 25 mkr. til félagasamtaka sem styðja við viðkvæma hópa í samfélaginu, s.s. með matarúthlutunum og ráðgjöf. Alls níu félagasamtök fengu 2,7 milljóna króna styrk hvert til þess að geta stutt enn betur við sína skjólstæðinga á yfirstandandi ári. Auk þess var gerður samningur við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að framkvæma rannsókn á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar þar sem meðal annars verður kortlagt, í samvinnu við félagsþjónustu, hjálparsamtök og aðra fagaðila, hvaða hópar eru að sækja þjónustu á borð við matarúthlutanir og ráðgjöf, og hverjir þeirra búa við sérstaklega erfiðar aðstæður. Markmiðið með rannsókninni er að fá skýra mynd af stöðunni og greina hvernig bæta megi stuðning og þjónustu við þá sem þurfa mest á henni að halda.

Bakvarðasveit velferðarþjónustu


Tekin var ákvörðun um að halda bakvarðasveit velferðarþjónustu virkri á komandi mánuðum. Tölvupóstur þess efnis var sendur til allra sem höfðu skráð sig til leiks og þeim gefinn kostur á afskráningu. Mikill meirihluti sá sér fært að vera áfram á listanum. Tvær óskir um liðsauka bærust bakvarðasveitinni í sumar. Annars vegar var um að ræða heimili fyrir fatlað fólk á Suðurlandi og hins vegar hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu.

Barnavernd

Í byrjun apríl sl. var farið í sérstaka vitundarvakningu þar sem vakin var athygli á tilkynningarskyldu almennings og mikilvægi þess að fólk láti vita ef upp kemur grunur um að barn búi við óviðunandi aðstæður, t.d. vanrækslu og ofbeldi með því að hringja í 112. Sú vitundarvakning fór fram undir yfirskriftinni „Við erum öll barnavernd“ og náði mikilli útbreiðslu í samfélaginu. Samhliða því var farið í samstarf við Hjálparsíma Rauða krossins, 1717 og netspjallið 1717.is með það að markmiðið að efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars börnum, ungmennum, fjölskyldum, fötluðu fólki, öldruðum og fólki af erlendum uppruna.


Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í júní og júlí 2020 og borið þær saman við tölur í maí 2020 og tölur frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Áhugavert er að skoða þessar tölur í ljósi þeirrar athygli sem aðgerðir í barnavernd hlutu. Tilgangur greiningarinnar er að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda. Sambærilegar greiningar voru einnig gerðar vegna mars-, apríl- og maímánaða 2020.

Í júní 2020 bárust alls 1.088 tilkynningar og í júlí 902 tilkynningar til barnaverndarnefnda sem er fækkun úr 1.243 tilkynningum í maímánuði 2020. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 1.135 tilkynningar og minnst 810 tilkynningar á einum mánuði og er meðaltal tilkynninga á umræddu tímabili 955.



Fjöldi tilkynninga gegnum 112


Þegar skoðaðar eru tilkynningar sem bárust gegnum 112 þá bárust í júní 2020 alls 103 tilkynningar og í júlí 2020 alls 92 tilkynningar til nefnda gegnum neyðarnúmerið. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á



umræddu tímabili 80. Fjöldi tilkynninga í bæði júní og júlí 2020 eru því yfir meðaltali miðað við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020.


Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Í júní 2020 bárust tilkynningar um alls 884 börn og í júlí um 686 börn. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðaltal barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764. Fjöldi barna sem tilkynnt var um í júní er því nokkuð yfir meðaltali og ekki hafa áður borist tilkynningar um jafn mörg börn í einum mánuði ef borið er saman við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Hins vegar bárust tilkynningar um fleiri börn í maí sl. Í júlí er fjöldi barna sem tilkynnt var um undir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.



Lögregla tilkynnir

Í júní 2020 barst alls 481 tilkynning til barnaverndarnefnda frá lögreglu en í júlí 2020 bárust 302 tilkynningar. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395. Fjöldi tilkynninga í júní 2020 er því nokkuð yfir meðaltali á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Í júlí er fjöldi tilkynninga frá lögreglu undir meðaltali og nálægt lægsta gildi á samanburðartímabilinu.



Tilkynningar um heimilisofbeldi


Ríkislögreglustjóri sendi frá sér tilkynningu 17. ágúst sl. þess efnis að aldrei hefði verið tilkynnt um fleiri heimilisofbeldismál á landsvísu í einum mánuði en í maí 2020. Fleiri brot hafa verið tilkynnt í fimm af nýu lögregluembættum á sama tímabili ársins 2020 samanborið við sama tíma í fyrra. Sú er raunin hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Vesturlandi. Þrátt fyrir

það kemur fram í mánaðarlegri skýrslu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir júlí að tilkynningar um heimilisofbeldi í júlí hafi verið innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu tólf mánuði á undan. Líkt og sjá má á myndunum hér að neðan þá fer tilkynningum aftur fækkandi ef horft er á síðustu mánuði og var fjöldi tilkynninga í júlí svipaður og í júlí 2019 og 2018.


Fjöldi hofb á fyrstu 31 vikum ársins



Fjöldi brota á mánuði (pkt. =max)



Fjöldi hofb á fyrstu 31 vikum ársins eftir embættum



Skipað var tímabundið aðgerðateymi til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn heimilisofbeldi og gegn ofbeldi á börnum, í víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Aðgerðirnar skyldu miða sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki. Þá yrði farið í almenna vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi. Aðgerðateyminu var jafnframt falið að fylgja eftir öðrum almennum aðgerðum er lúta að fræðslu, þjónustu og stuðningi vegna ofbeldis í samræmi við tillögur í áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019-2022, sem samþykkt var á Alþingi sumarið 2019. Ráðherrarnir samþykktu í júlí fyrstu tillögunar frá aðgerðateyminu. Þær voru:

- Að Barnahús verði eflt og styrkt þannig að mæta megi aukinni þörf fyrir þjónustu og uppræta biðlista sem hefur myndast. Þegar hefur verið bætt við stöðugildi hjá Barnahúsi. Unnið er að útfærslu á öðrum tillögum þ.m.t. að veita þjónustu meira með tæknilausnum.
- Að neyðarnúmerið 112 verði eflt og þróað með þeim hætti að þangað verði hægt að leita vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum. Í þeim tilgangi verði m.a. þróað sérstakt vefsvæði sem geymi alhliða upplýsingar um ofbeldi, þ.m.t. upplýsingar um þjónustu og úrræði á vegum opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila.
- Að aðgengi íbúa á landsbyggðinni að þjónustu vegna heimilisofbeldis verði styrkt og í því skyni verði stutt við að koma á fót kvennaathvarfi á Akureyri í tilraunaskyni og þörfin metin á slíku úrræði í beinu framhaldi. Stefnt er að opnun kvennaathvarfs á Akureyri 28. ágúst.
- Að stuðningur við börn sem eru í viðkvæmri stöðu verði aukinn og áhersla á vernd þeirra efld. Liður í því verði að fjölga úrræðum fyrir gerendur ofbeldisbrota sem eru börn að aldri. Verkefnið var framkvæmt í sumar, þar sem teymi lögreglumanna starfaði með ungum gerendum og fræðsluefni um ofbeldi var dreift til ungs fólks.
- Að komið verði á tilraunaverkefni sem felur í sér að efla og þróa samvinnu sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í málum er lúta að velferð og högum barna, með sérstakri áherslu á vernd barna sem búa við eða hafa búið við ofbeldi á heimili. Verkefnið hefst formlega með ráðstefnu 3.-4. september í Vestmannaeyjum.
- Að ríkislögreglustjóra verði falið gera úttekt og greiningu á ofbeldi gegn öldruðum og fötluðum í þeim tilgangi að auka enn frekar vernd þessa hóps. Í því skyni verði m.a. lögð áhersla á að efla vitund innan lögreglunnar og meðal almennings um ofbeldi gegn þessum hópum. Skýrslurnar eru í rýni og verða kynntar á haustmánuðum.
- Að sérstakir styrkir verði veittir til verkefna sem fela í sér aðgerðir gegn ofbeldi með áherslu á samstarf frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila.
- Að auki fékk Jafnréttisstofa styrk til að birta efni úr vitundarvakningu sinni Þú átt von og var fjárveitingin nýtt til birtingar í sumar.

Unnið er að gerð seinni áfangaskýrslu aðgerðarteymisins þar sem hugað verður m.a. að heilbrigðisþjónustu vegna heimilisofbeldis, aðgerðum vegna ofbeldis gegn fötluðu fólki og öldruðum, vitundarvakningu í samfélaginu um ofbeldi, gerendum og húsnæðisvanda vegna heimilisofbeldis.